

Listaháskóli Íslands
Myndlistardeild

Athöfnin að bíta í epli

Ragnhildur Lára Weisshappel
Leiðbeinandi: Þóra Þórisdóttir
Vorönn 2013

Efnisyfirlit

Inngangur	bls. 4
Að sjá og fleira	bls. 4
Hingað og þangað og eitthvert og	bls. 8
Athafnir heima og heiman	bls. 11
Allt og ekkert	bls. 13
Umhverfi og dagbókafærslur	bls. 15
Lokaorð	bls. 17
Heimildir	bls. 19
Viðauki	

Þegar ég set upp gleraugun mín hugsa ég: Ef þau væru milljón sinnum sterkari þá sæi ég engin skil, engin takmörk. Höndin sem héldi um pennan (fyrsta uppkast er handskrifað) leystist upp og penninn líka, og borðið, íbúðin og ég. Allt yrði að einhverri fljótandi orku og við rynnum öll saman í eitt.

Að bíta í epli veitir skilning, þó eplið sé ekki af skilningstrénu.

RLW

Inngangur

Í ritgerðinni legg ég mig fram um að skilgreina og meta mig sem listamann. Það reynist snúið því í ferlinu koma upp efasemdir, togstreita og jafnvel mótsagnir. Skoðanir, skap og stemning milli daga eru mismunandi. Útkoman er eins ómótsagnakennd og mögulegt er og persónufornafnið „ég“ er notað í algjöru lágmarki.

Í ritferlinu las ég ýmislegt sem mér þykir áhugavert og reyndi að fara inni huga ýmissa listamanna, hugsuða og fræðimanna, lifandi og dauðra og reyndi um leið að finna mér notalegan stað í listheiminum.

Hugtakið skynjun skoða ég í gegnum listina, út frá mér persónulega og einnig á fræðilegan hátt. Þar ber helst að nefna skynheildarstefnuna (Gestalt) og kenningar um skynjun innan hennar. Aðrir hugsuðir dýpkuðu skilning minn á efninu enn fremur. Vangaveltur Árna Kristjánssonar (1973) sálfræðings um sjónina og túlkun heilans á því sem við sjáum, víddarrannsóknir eðlisfræðingsins Michio Kaku (1947) og alheimshönnunartilgáta Stephen Hawking (1942) gáfu mér aukna innsýn í ytri og innri heima.

Ég finn tengingu við Flúxus. Gerð er grein fyrir þeirri hreyfingu, eða viðhorfi, í ritgerðinni. Listamennina Joseph Beuys (1921–1986), Magnús Pálsson (1929), Louise Bourgeois (1911–2010) og Dieter Roth (1930–1998) álit ég sanna sjálfum sér og hafa, ásamt fleira listafólki, styrkt mig í einlægri von minni um að vera sjálfri mér trú án þess að skammast mín.

Sjálf sé ég engan annan kost en að lifa listinni eins og ég held að áður nefndir listamenn gera og gerðu. Verk þeirra eiga það sameiginlegt að vera afar persónuleg, sem er ef til vill óhjákvæmilegt ef líf þeirra og list helst í hendur. Hjá þeim vegur vinnuferlið, og sá sannleikur sem í því felst, þyngra en niðurstaðan.

Að sjá og fleira

Mitt persónulega rými er ég, líf mitt og list, allt sem ég sé, skoða, skynja, heyri og finn fyrir. Það er enginn raunveruleiki, aðeins skynjun á honum. Með öðrum orðum: Raunveruleikinn er alltaf túlkunaratriði.

Í gagnfræðaskóla hafði ég meiri áhuga á sífellt þroskandi líkama mínum en efna- og eðlisfræði. Þar var okkur nemendum kennt hvernig mæla skyldi orku,

orkuna sem tekur á sig mynd þess sem við getum séð, heyrt og fundið. Hvað er það sem skapar þennan furðulega sjónræna, heyrnlega og áþreifanlega heim? Hvað fyllir upp í og heldur utan um rýmið? Mæla skal orku með massa hennar og hraða. Það sem orkan felur í sér og leiðir af sér er endalaus hreyfing.

Hreyfingin er breytileg og því birtist hún okkur í mörgum myndum og við skynjum hana sem ólík fyrirbæri, ljós, hljóð, hita, kulda, hart, mjúkt, rakt, þurrt. Hreyfing orkunnar er undirstaða allrar skynjunar okkar á rýminu og tilverunni og skynfærivinna saman innbyrðis

Verkið *Epli* var tilraun mín til að lýsa upplifun fyrir öðrum. Það er erfitt. Það er að minnsta kosti aldrei víst að upplifunin komist til skila eins og maður skynjar hana sjálfur. Það er augljóst að lýsing á upplifun getur aldrei komið í staðinn fyrir að upplifa á eigin skinni. Skynjunin er afstæð.

Ég beit í epli og lýsti áhrifunum og reynslunni. Hvert smáatriði var blásið upp. Athöfninni var ekki bara lýst heldur tilfinningunni. Ég gaf mér að enginn hefði smakkað epli svo ég varð að lýsa því þannig að allir skildu sem best hvernig það væri, að bíta í epli. Sennilega höfðu allir smakkað epli, en örugglega enginn á sama hátt. Engin tvö epli eru eins, engir tveir munnar eins og hver munnur er aldrei eins tvisvar.¹ Textinn er svohljóðandi:

Tennurnar bíta í gegnum seigt yfirborðið. Sökkva sér á bólakaf. Brak. Djúsinn tekur að flæða uppí munninn, kælir. Kælandi, smjúgandi. Smýgur og læðist. Tungan vaknar. Svalandi, frískandi. Djúsinn seitlar um tunguna. Munnvatnskiptlarnir bregðast við, harkalega, rifandi, herpandi, ertandi. Kítlandi. Munnvatnið flæðir. Blandast við súran vökvann, sætan vökvann. Vætandi, þurrkandi. Tungan hrufótt. Bragðlaukarnir æsast upp. Tungan verður stærri, vatnsmeiri, vatnsminni. Tennurnar sýrðar. Varirnar stamar. Þurrkandi, vætandi. Súrt og sætt.

Hvort textinn sé fullkláraður get ég ekki tryggt. Mismunandi sálarástand mitt og líka ástand ávaxtarins gera það að verkum að í hvert sinn sem ég fæ mér epli finn ég eitthvað nýtt, nýja tilfinningu, aðra upplifun. Að auki eru epli missafarík, misgömul og ekki eru öll epli eins á bragðið.²

¹ Í gjörningnum *Landhelgiathöfn* komst ég að því að epli er til að mynda mismunandi eftir því hvort það er borðað á eftir gúrku eða sítrónu.

² Ég heyri þögn þegar ég hugsa um þetta augnablik. Þögn eins og er inní hellum. Þar sem maður heyrir í vatni, stundum að dropast en stundum bara að vera þar. Maður finnur líka fyrir því á skinninu þó það leki ekki á mann.

Upplifun eins skynfæris hefur áhrif á hin skynfærin. Upplifun á bragði og lykt getur farið með mann í huganum eitthvað annað. Rými hugans er ótakmarkað. Við getum ímyndað okkur dökkbláan hávaðann á hafsbotni. Ég get fundið til í eyrunum og heilanum vegna hins ímyndaða þrýstings. Hvaðan kemur það? Fáir hafa raunverulega skynjað hann, fundið á eigin skinni. Samt sé ég þetta skýrt og finn hvaða boð líkami minn væri að senda um sjálfan sig. Á draumkenndan hátt get ég séð fyrir mér annan heim í milljón ljósára fjarlægð og ég get ímyndað mér rafeindina hringsnúast á sporbraut sinni í kringum róteind í atómi kvartmilljón sinnum á sekúndu.

Ég skynja heiminn jafn óendanlegan út á við og inn á við. Raunveruleikinn fyrir utan líkama minn, ytra rýmið, felur í sér þrjár víddir en hugurinn, mitt innra rými, geymir fleiri víddir.

Skynheildarstefna Gestalt sálfræðinnar fjallar um þessa huglægu vídd og viðhorfið að heildin sé meiri en summa einstakra hluta hennar ósamsett; hugurinn fyllir inn í heildarmyndina. Hver hlutur er nauðsynlegur í að mynda heildina en saman verður eitthvað til sem er ekki í einstökum hlutum hennar. Hugmyndir skynheildarsinnanna, til dæmis Max Wertheimer (1880–1943) og Wolfgang Köhler (1887–1967), um sérstök tól hugans til skilnings á tilteknum aðstæðum njóta enn hylli. Grein Wertheimers um sýndarhreyfingu (1912) er með því fyrsta sem birtist á prenti um stefnuna. Hann komst að því að þegar tvö ljós birtast hvort á eftir öðru í, á stað A og stað B, þá skynjum við ljósin ekki sem tvö ljós þar sem annað hverfur og hitt birtist, heldur sem hreyfingu ljóss frá A til B. Á þessu dæmi sjáum við að við skynjum annað og meira en einfalda „summu“ áreitanna sem birtast okkur. Hugurinn bætir einhverju við skynjunina. Þetta er lykilhugmynd skynheildarstefnunnar, „Eiginleika heildarinnar er ekki hægt að rekja til einfaldrar samlagningar hlutanna sem mynda hana“.³

Skynheildarsinnunum voru önnur skynfæri en sjónin hugleikin, og einnig það hvernig við hreyfum okkur. Kurt Koffka (1886–1941) talar um laglínu hreyfingar sem við semjum í huga okkar fyrir tiltekið hreyfingarmynstur. Laglínan er ein heild og erfitt er að brjóta hana niður í smærri einingar. Koffka hélt því fram að við skynjum aldrei hluti eina og sér, en samhengið sem áreitin eru í hverju sinni ráða. Við skynjum mynstur áreitanna, mynstrið á milli þeirra. Skynheildarsinnar voruðu við áreitisvillunni⁴, sem er þegar lýsing á eiginleikum hluta kemur í staðinn fyrir lýsingu á

³ Árni Kristjánsson, 2012:190

⁴ e. stimulus error

reynslunni. Ef talað er um tvö ljós sem kvikna og slokkna til skiptis frekar en hreyfinguna sem við skynjum⁵.

Annar fræðingur hlynntur kenningum skynheildarstefnunnar var ítalski skynjunarsálfræðingurinn Gaetano Kanizsa (1913–1993). Hann talaði um túlkunarferli sem á sér stað þegar skynkerfið túlkar það sem birtist í sjónarsviði okkar. Hann benti á að erfitt væri að greina hvar skynhrifin hætta og sálfræðileg túlkunarferli taka við. Kenningar og sýnidæmi Kanizsa eru mjög áhugaverð og skemmtileg og orðin sígild innan skynjunarsálfræðinnar. Ber að nefna svokallaðan Kanizsa þríhyrning⁶, sem sýnir afar skýrt og greinilega að sjónkerfi okkar gengur lengra í túlkun sinni á umhverfinu en nemur upplýsingunum. Þríhyrningurinn er ekki til staðar, aðeins gefinn í skyn með stöðu annara forma á myndinni. Við sjáum þríhyrning hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Kanizsa þældi í mörgu merkilegu. Hann uppgötvaði að við getum skilið á milli hugsana okkar um skynjanlega hluti og skynjunarinnar sjálfrar. Hugurinn skilur ekki allt, en hann skilur það þó. Hann lætur ekki gabbast og er meðvitaður um allskyns skynvillur þó „augun“ séu það ekki. Það á sér stað mikil úrvinnsla áður en sú mynd sem við sjáum verður til, ferli sem lúta ekki meðvitaðri stjórn okkar.⁷

Stephen Hawking (1942) segir um sjónskynjunina að á sama hátt og við smíðum líkön í vísindalegum tilgangi þá gerum við það líka í lífi okkar til að skilja og túlka umhverfi okkar.

Það er engin leið að fjarlægja athugandann – okkur – frá upplifun okkar sem verður til við úrvinnslu skynjana og þeim aðferðum sem við beitum til að hugsa og draga ályktanir. Skynjun okkar – og þar af leiðandi athuganirnar sem kenningarnar okkar byggjast á – er ekki milliliðalaus heldur fremur mótuð af einskonar linsu, þeim hlutum heilans þar sem túlkun fer fram... sjón okkar byggist á því að heilinn tekur við röð merkja sem berast sjóntauginni. Þessi merki búa ekki til myndir sem þættu viðunandi í sjónvarpsskjá.

Heilinn túlkar þessi hrau gögn, sem er eins og illa samsetta ljósmynd, sameinar upplýsingar frá báðum augum og fyllir í eyðurnar. Heilinn tekur á móti tvívíðu safni gagna frá sjónhimmunni og notar sem efnivið í mynd af þrívíðu rými.⁸

⁵ Árni Kristjánsson, 2012:191

⁶ Mynd í viðauka

⁷ Árni Kristjánsson, 2012:188-201

⁸ Hawking, Stephen, 2011:54-55

Hingað og þangað og eitthvert og

Í erlendum tungumálum er alheimurinn oft kallaður *universe* sem gefur til kynna að hann sé ein heild. Það er einhver strúktúr sem heldur honum saman, náttúrulegum, mynstur.

Stephen Hawking heldur því fram að samkvæmt nútímaeðlisfræði sé ekki hægt að skilja alheiminn út frá einni kenningu heldur verðum við að reiða okkur á margar kenningar sem skarast. Saman kallast þær M-kenningin⁹. Á sama hátt og það er ekki mögulegt að sjá rétta mynd af jörðinni á einu korti í réttum hluföllum, heldur þarf að skipta kortinu upp í mörg kort, sem einmitt skarast.

„Til að skilja innsta eðli alheimsins þurfum við ekki aðeins að vita hvernig hann hagar sér heldur hvers vegna“.¹⁰

Hvers vegna er heimurinn eins og hann er? Stephen Hawking (1942) segir að svarið sé einfalt. Lögmálin ráða. Allt fylgir reglubundnu mynstri sem endurtekur sig.¹¹ „Það er ekki til neitt raunveruleikahugtak sem er óháð heimssýn eða kenningum“.¹² Raunveruleikinn er þá túlkunaratriði.

Michio Kaku (1947) segir að ákveðið atvik í æsku hafi leitt til uppgötvana hans seinna á ævinni um tíu vídda *hyperspace*. Hann minnst þess þegar foreldrar hans tóku hann með sér í japanska tegarðinn í San Fransisco. Kaku fékk að leika sér við tjörnina í garðinum og skoðaði gagntekinn marglita fiskana sem hreyfðu sig hægt í vatninu. Hann hugsaði með sér hversu furðulegur heimur þeirra hlyti að vera. Hvernig ætli fiskarnir skynji umhverfi sitt? Þeir gætu trúað að alheimurinn þeirra samanstæði af þokukenndu, drullugu vatni og vatnaliljum. Fiskarnir héldu sig mest við botninn og liljurnar tóku yfir mest allt yfirborðið, svo það var ekki harla líklegt að þeir vissu af okkar raunveruleika, sem var þó svo nálægt¹³.

Litli strákurinn Kaku hugsaði með sér að eðli okkar umheims væri framar skilningi fiskanna. Tveir heimar sem mætast aldrei þó aðeins væru skildir að með yfirborði vatnsins. Ef einhver fiskanna kastaði fram möguleikanum um samhliða

⁹ Það er smekksatriði hvað M stendur fyrir; master, mother, miracle, mystery.

¹⁰ Hawking, Stephen, 2011:13-17

¹¹ Sama heimild:23-37

¹² Sama heimild:51

¹³ Kaku, Michio, 1995:3-4

heima¹⁴ fyrir ofan vatnaliljurnar þá væri sá fiskur talinn galinn, taldi litli Kaku. Fyrir fiskunum væri það eina sem gæti talist raunverulegt það sem þeir gætu snert og séð.¹⁵

Kaku er hér augljóslega að bera saman okkar tilveru við tilveru fiskanna. Fyrir okkur er raunveruleikinn aðeins það sem við getum þreifað á, fundið fyrir. Við þekkjum ekki annað, því við höfum ekki skynjað það, og erum mörg fullbráð að skrifa óvissuna á ósýnileg öfl¹⁶.

Sjálfviljug lifi ég í fullkomnum efa. Efinn er einn drifkraftanna í lífi mínu. Fyrir mér gefur efinn til kynna að hugurinn sé stöðugt opinn. Hann fær aldrei nóg, vill alltaf meiri vitneskju. Meira í dag en í gær.

Vísindamenn áðurnefndar M-kenningingar¹⁷ halda því fram að alheimarnir séu margir og hver alheimur hafi margar sögur í fortíð og nútíð. Hver heimur hefur sín náttúrulögmál. Samkvæmt kenningunni hefur tímarúmið tíu rúmvíddir og eina tímavídd. Sjö af rúmvíddunum eru svo samþjappaðar að við tökum ekki eftir þeim. Okkur sýnist því að rúmið hafi aðeins þrjár víddir.¹⁸

Það er erfitt að ímynda sér fleiri eða færri víddir en þessar þrjár í hinum áþreifanlega heimi. Sá sem lifði í tvívíðum heimi sæi ekki þriðju víddina nema þegar hún skæri í gegnum tvívíddina en gæti skynjað að það væri eitthvað þarna þó hann sæi aldrei heildarmyndina.

Fyrir nokkrum árum var litla stúlkan ég að kljást við þraut í barnablaði, ég átti að finna leið útúr völundarhúsi. Þegar það dróst á langinn leyfði ég pennanum að klifra ofaná veggina og finna leiðina út þannig. Samkvæmt Kaku væri það þó ekki möguleiki í tvívíðum heimi, einfalt form eins og hringur í kringum okkur væri orðinn að fangelsi.¹⁹

*Skissa verður skúlptúr.*²⁰ Árið 2011 gerði ég tvívítt verk sem ég dró út í þrívídd í skrefum. Ferlið hófst á einfaldri teikningu. Hún innihélt í raun aðeins fjögur atriði á hvítum grunni. Ég notaði tússliti og hélt mig mest við grunnlitina en fór líka út í liti sem mér líkar. Svo tók ég fyrir hvert og eitt atriði í teikningunni og gerði uppá nýtt. Hugaði þá enn betur að litum, efni og áferð og setti lagskipt í plastvasa. Næst bjó ég til þrívíða hluti og kom fyrir í rými í svipaðri uppbyggingu og þeirri í teikningunni.

¹⁴ e. paralell universe

¹⁵ Kaku, Michio, 1995:3-5

¹⁶ Kaku, Michio, 1995: 3-5

¹⁷ Hawking, Stephen, 2011:24.

¹⁸ Sama heimild: 124-147

¹⁹ Kaku, Michio, 1995:47

²⁰ Mynd í viðauka.

Litirnir voru aftur komnir í nýtt form. Gulur var t.d. orðinn að viðarlit og blár varð vatn. Þegar ég smellti ljósmynd af innsetningunni fangaði ég myndina aftur inní tvívídd. Hugmyndin var að vinna á sama hátt og náttúran, í upphafi er frá sem síðan vex og vex uppúr eða í kringum.

Náttúran er á sífelldri hreyfingu. Þó okkur gæti sýnst náttúran hafa stöðvast er hún ennþá á hreyfingu. Efnið umbreytist endalaust. Það hverfur aldrei, en tekur á sig annað form. Verkið *Gróður* (2011)²¹ sýnir hvernig þessi náttúruöfl virka.

Í október 2011 bakaði ég brauðbollur fyrir dúfur í óskilgreindum garði og bauð til veislu. „Kurr kurr kurr!“ kallaði ég á þær árangurslaust. Engin dúfa mætti. Brauðinu var komið fyrir í bláu plastboxi og senn hlóðust yfir það blaðabunkar og ný verkefni.

Fjórum vikum síðar sá ég glitta í bláa boxið. Í gegnum myglupokuna blasti við mér undursamleg sjón, það fallegasta sem ég hef skapað. Ég gleymdi tímanum skoðandi þessa gimsteina. Fjölbreytileikinn í litunum og áferðinni. Hugurinn tók að leita og finna tengingar. Eru þetta örmyndir af plánetum eða ægilegur húðsjúkdómur, hugsaði ég með mér. Kúlurnar tólf leituðu sér allskonar leiða til að tengjast hver annarri og tengjast boxinu. Þetta var að verða ein heild, blómstrandi hrúga, eftir loftlausu og „hreyfingalaus“ mánaðardvöl.²² Þetta gat verið heill alheimur með örmáum lifandi verum sem voru að uppgötva ormagöng Kaku.²³ Augað reynir að sjá eitthvað kunnuglegt; andlit, náttúru, nærmyndir, fjærmyndir, girnilegt, ógeðslegt, gamalt, ferskt. Mín persónulega upplifun á myndunum er síbreytileg, hún fer eftir hugarástandinu sem ég er í, því sem efst er í huga mínum þá stundina.

²¹ Myndir í viðauka.

²² Dagana og vikurnar eftir þessa draumkenndu stund fór allt á niðurleið. Kúlurnar höfðu að því er virtist staðnað, það komu engir nýir litir eða nýjar áferðir. Umbreytingin er hröðust fyrst en svo hægir á ferlinu. Þær voru orðnar heldur gráar og leiðilegar. Myglulyktin sem hafði verið fersk og mjúk var orðin að venjulegri myglulykt.

²³ Kaku, Michio, 1995:17 [...] imagine a race of tiny flatworms on the surface of a large apple. It is obvious to these worms that their world, which they call Appleworld, is flat and two dimensional, like themselves. One worm [...] is obsessed by the notion that Appleworld is somehow finite and curved in something he calls the third dimension [...] by borrowing into the apple, he can carve a tunnel, creating a convenient shortcut to distant lands. One strange effect [...] is that when he enters one of these tunnels and exists at the other end, he finds himself back in the past.”

Athafnir

Stundum hef ég gert lifandi verk eða gjörninga. Þeir eru misíburðarmiklir og sömuleiðis misátakanlegir, en oft eru þeir einhverskonar seremóníur.

Athafnir, stórar og smáar. Athafnirnar eru oft hversdagslegir hlutir gerðir að helgri athöfn („Helgi“ er hér notað í mjög frjálsum skilningi). Við það losnar úr læðingi orka sem ég finn ekki fyrir þegar athafnirnar eru framdar ómeðvitað. Daglegt brauð getur verið upphafið með myndbandsupptökuvél eða á umfangsminni hátt með skrásetningu á blað.

Listamaðurinn Dieter Roth gerði daglegar athafnir sínar að listaverkum. Myndbandsdagbókina *Solo Scenes*²⁴ vann Roth síðasta árið sem hann lifði, 1998. Hann var gamall og lúinn en svo spekingslegur og skapandi. Hann var að lifa sínu lífi með myndbandstökuvélar gangandi. Vélunum var þó greinilega stillt upp á vel völdum stöðum og rammarnir virtust útpældir á áreynslulausan hátt. Málarinn og innsetningalistamaðurinn skinu í gegn. Myndböndin voru sýnd á 128 sjónvarps-skjám í innsetningu.

Hann var ekki að gera hverja og eina athöfn meðvitaðari en venjulega og ekki að hefja klósettferðir sínar sérstaklega upp, engin athöfn var annarri æðri. Með því að mynda þessar athafnir stækka þær þó upp að vissu marki.

Honum þótti ekki þægilegt að hafa myndavélar á sér og gat ekki hagað sér alveg eðlilega. Ekkert virðist þó falskt. Hann borar í nefið og blótar og hóstar. Hann er veiklulegur og stundum mjög veiklulegur.²⁵

Ef til vill eru forsendurnar aðrar hjá Dieter Roth en hjá mér en í báðum tilvikum er athygli dregin að hversdagsleikanum. Því gefinn gaumur að það er hvert smáatriði hans sem myndar ævina.

Myndbandsverkið *Ég að skera geðveikt mikið af sveppum* (2009)²⁶ er dæmi um verk þar sem ég er að fremja afar hverdagslega athöfn. En athöfnin sem slík er þrungin tilfinningu sem fæst aðeins með því að skera gríðarlegt magn af sveppum, sex kíló til að vera nákvæm.

Það liggur við að þetta sé hálfgerð klám fyrir mér, í það minnsta gleðigjafi. Myndbandsupptökuvél var stillt upp, henni beint að skurðarbrettinu og ég skar.

²⁴ Solo Scenes var sýnt Listahátíð 2005 í Listasafni Reykjavíkur.

²⁵ Dirk, Dobke, 2004:120-125

²⁶ Mynd í viðauka

Stundum hratt og stundum hægt. Í gegnum hvern og einn einasta stinnan, silki-mjúkan fagurgráan sveppinn. Hnífurinn gaf frá sér undursamlegan óm er hann braut sér leið í gegnum yfirborðið, snerti finustu taugar. Myndirnar sem koma upp í huga minn núna við tilhugsunina gætu glatt allan heiminn.

Þetta er dæmi um verk þar sem ég geri eitthvað kunnuglegt og einfalt. Til þess að geta farið sem víðast í huganum er gott að einfalda, finna sterka tengingu við sjálfið sitt.

Joseph Beuys (1921) setur sjálfan sig í miðju verksins og fremur gjörning sem er til þess gerður að skapa sannleika, ekki aðeins að opinbera hann.²⁷ Beuys kallar gjörninga sína *actions* sem ég þýði sem athöfn.

Í *Landhelgiathöfn* (2010)²⁸, sem var heldur íburðarmikil og þung athöfn, sat ég í miðjum hring sem afmarkaður var með 120 pappadiskum. Þremur upptökuvélum frá mismunandi sjónarhornum var beint að hringnum á gólfinu. Á hverjum disk var einn ávaxta- eða grænmetisbiti sem ég tók 30 sekúndur í að íhuga og svo borða.

Ég hafði penna með mér og skrifaði á diskinn upplifun, hugmyndir, einhverjar tilfinningar sem komu upp við inntöku, yfirleitt eitthvað rugl.

Hringur er mitt uppáhaldsform. Fullkomnlega einfalt þrátt fyrir að vera endalaust. Hringur er tvívítt tákni kúlu.²⁹ Allt líf endurspeglar hringformið, fræ, frumeindir, frumur, reikistjörnur, sólkerfi.

Ávextirnir og grænmetið var skorið á hvern disk svo að fræ og kjarni þeirra kom í ljós. Þegar það var mögulegt voru sneiðarnar hringlaga en epli og paprikur fengu að halda sínum formum. Ég var inni hringnum eins og fræ í ávexti eða kjarni í fræi.

Ásetningur minn með þessari athöfn var að brjóta múra, hindranir og höft sem ég hafði sett mér ómeðvitað og meðvitað. Þessar hindranir gerði ég síðan hluta af mér með því að borða og melta og komast þannig yfir.

Ég var örugg inni miðjunni, inni þægindarammanum sem ég hafði skapað mér. Ég stóð ekki upp fyrr en allt var uppétið. Það varð erfiðara að koma bitunum ofan í mig, eftir því sem þægindaramminn víkkaði. Þó það hafi ekki verið áætlað

²⁷ Arnason, H.H. 1977:663

²⁸ Myndir í viðauka.

²⁹ e. Sphere

varð gjörningurinn eiginlega ógerlegur undir lokin, tennurnar skulfu vegna ávaxtasýrunnar og maginn líka svo súr. Ég var öll klístruð og köld.

Eftir 50 diska vildi ég gefast upp. Banani er ógeðslegur á eftir sítrónu. Ég gubbaði oft í munninn og stundum neyddist ég til þess að fela hálfkláraða bita undir hýðishrúgunni. Það þótti mér svindl og synd og langaði að klippa það í burtu í lokaútkomunni, en gerði það ekki.

Eftir eilífan klukkutímann að athöfninni lokinni var ég eins og drukkin, dró fæturna útúr rammanum. Táknrænt búin að brjóta niður minn huglæga þægindaramma.

Franska listakonan, Louise Bourgeois (1911–2010) fjallaði um sína landhelgi í öllum sínum verkum. Hún sjálf var miðpunkturinn í listköpuninni og henni fannst fólk yfirleitt leiðinlegt sem snérist ekki í kringum hana. Virðist listin hennar lýsa stöðugri baráttu við að skilgreina sig. Líf og list Bourgeois var svo samtvinnuð að ómögulegt er að fjalla um verk hennar án þess að litið sé á ævisöguna og sérstaklega bernskuárin. Að sögn Bourgeois eru öll hennar verk undir áhrifum minninga³⁰ og uppvaxtarins, töfranna, leyndardómanna og dramatíkurinnar sem æskan hafði að geyma.³¹

Fyrir mér er nærvera Louise Bourgeois alltaf til staðar og skýr í hverju verki sem hún hefur gert. Þó verk Louise Bourgeois séu afar persónuleg nær áhorfandinn að tengja við þau. Listamaðurinn kemur frekar hugmynd sinni til skila ef hann hefur upplifað eða skynjað hana á eigin skinni. Lífið og listin eru svo nátengd.

Allt og ekkert

Ég skynja minn heim útfrá mér, hvað svo sem ég er að horfa á, listaverk, mat, ryksugun eða svefn. Mörkin geta verið óskýr á milli þess sem ég sé og geri sem listaverk og hversdagsverk, stundum húsverk. Munurinn er að stundum skelli ég á það merkimiðanum „listaverk“ og stundum ekki. Má það ekki alveg? Að gera hversdagslega gjörð að athöfn er til að mynda ekki alltaf gert í nafni listarinnar. Það fylgir því unaðsleg frelsistilfinning að framkvæma hversdagsverkin meðvitað.

³⁰ Bernadac, Marie-Laure, 1998:225

³¹ Bourgeois, Louise „My childhood has never lost its magic, mystery, drama“

Flúxusmenn og konur töldu lífið vera list, allt vera list. Allt sem fólk gerði í sínu daglega lífi var list t.d að horfa á kaffibolla, hella í hann og drekka kaffi. Flúxus (1961) er viðhorf.³² Dick Higgins (1938–1998) talar um Flúxus sem tilhneigingu fremur en hreyfingu³³:

.....coffee cups can be more beautiful than fancy sculptures. A kiss in the morning can be more dramatic than a drama by Mr. Fancypants. The sloshing of my wet boots sound more beautiful than fancy organ music.³⁴

„Ég er skúlptúr. Þegar ég hreyfi mig er ég hreyfanlegur skúlptúr og um leið og ég gef frá mér hljóð er ég hljóðskúlptúr.“ sagði listamaðurinn Magnús Pálsson (1931) eitt sinn³⁵. Magnús hefur aðhyllst flúxusviðhorfið frá upphafi þess. „Þá varð samruni listgreinanna eftir langan aðskilnað. Tónskáldið fór að gera verk sem voru mynd um leið og tónverk. Málarinn fór að gera gjörning og myndhöggvarinn að semja sönötu.“³⁶

Af stefnum og straumum listasögunnar höfðar Flúxus til mín umfram hinar, helst vegna þess að möguleikarnir virðast endalausir í allar áttir. Flúxus er flæði ólíkra einstaklinga sem velja að vera saman og því er nálgun listamannanna svo fjölbreytileg og persónuleg og frelsið algjört til að velja, skynja og túlka. Hugmyndafræði Flúxus er enn í þróun og breytist stöðugt í takt við tækniframfarir og breytta heimssýn.³⁷

Orðið Flúxus kemur fyrst fyrir hjá listamanninum George Maciunas (1931–1978) árið 1961. Það er latneskt orð og þýðir flæði. Hann stakk hníf í orðabók og lenti á „Flow“.³⁸ Hvort sem þetta sé traust heimild eða ekki, er þetta ágætis útgangspunktur hreyfingar sem átti eftir að vera handahófskennd, og flæðandi. Það er engin yfirlýst fagurfræðileg stefna sem flúxuslistamenn fara eftir og því er þetta ekki stefna.³⁹ Stefnuyfirlýsingin, Flúxus Manifesto (1963) eftir Maciunas⁴⁰ er sett upp sem

³² Foster, Hall, 2004:455

³³ Sama heimild:29

³⁴ Foster, Stephen C., 1992:23

³⁵ Hátíðarræða í LHÍ, 2008

³⁶ Hátíðarræða í LHÍ, 2008

³⁷ Dempsey, Amy, 2005:228-9.

³⁸ Foster, Stephen C., 1992:23

³⁹ Úr Hátíðarræðu Magnúsar Pálssonar í LHÍ 2008

³⁸ Foster, Hall, 2004:456

³⁹ Hopkins, David, 2000:106.

⁴⁰ Mynd í viðauka.

listaverk.⁴¹ Fluxuslistamennirnir tíndu til og notuðu hluti úr okkar daglega lífi, hljóð, tákni og texta og sköpuðu nýtt samband milli þeirra.⁴²

Magnús Pálsson talar um að listbyltingin mikla um 1960 hafi hrist upp í öllu. „Hún gerði að engu öll fyrri listhugtök. Hún opnaði fjölda tjáningarleiða og kollvarpaði viðteknum reglum og mörkum milli listgreina“⁴³. Öll listsköpun sem kemur á eftir Flúxus hlýtur að litast af henni. Þó að einhver máli málverk í dag þá er ekki sama hugsunin á bak við það og var fyrir tíma Flúxus. Lífið heldur áfram í óendanlegan gormferil.

Það getur verið áhrifaríkt að gera ekki neitt. Það er ekki tímasóun að stoppa til að anda eða stoppa til að hugsa, taka pásu til að horfa á daginn. Horfa úti loftið.

Ég get setið og fléttað lokka úr hárinu mínu og affléttað þá jafnóðum í mjög langan tíma. Ég týni mér í hugsunum á meðan og það er svolítið eins og að dreyma. Ég þarf oft að hrísta hausinn þegar ég geri mér grein fyrir tímanum sem hefur farið í þetta og öll hárin sem ég hef rífið úr rótinni í fléttuninni. Þó það geti verið fínt að fara í fléttutrans ómeðvitað þá er markmiðið að geta ákveðið „Nú ætla ég að flétta lokk, affléttu og svo flétta aftur“. Ég efast ekki um að ég muni með æfingunni öðlast alræðisvald yfir huga mínum.

Umhverfi og dagbókarfærslur

Ég er meðvitað um það sem er í kringum mig. Hið persónulega, smáa og einstaka grípur mig frekar en hið stóra. Það er meiri sannleikur í smáatriðunum.

Myndbandsverkið *Laufblað*⁴⁴ er dæmi um lítið smáatriði í náttúrunni sem ég tek fyrir og grannskoða. Með þessu verður náttúran í heild sannari fyrir mér og það er sem ég skilji hana betur.

Einn rigningardag í Nice⁴⁵ starði ég útum litla herbergisgluggann minn á rokið og eldingarnar. Þegar ég stóð upp kom ég auga á laufblað sem var fast í köngulóarvef. Í vindinum snérist það hratt í hringi eins og einhvers konar vél. Stundum breytti það um ryþma og þeyttist ótrúlega hratt fram og til baka, upp og

⁴¹ Foster, Hall, 2004:463

⁴² Foster, Stephen C., 1992:31

⁴³ Hátíðarræða í LHÍ, 2008

⁴⁴ Mynd í viðauka

⁴⁵ Nice, Frakklandi, þar sem ég var í skiptinámi í Villa Arson 2011-2012

niður. Það vildi brjótast úr prísundinni og halda áfram að falla til jarðar eins og laufblöð gera þegar þau losna frá trjágreinum.⁴⁶

Ég var með myndbandsupptökuvél við hendina og lét hana ganga þar til spólan kláraðist. Laufblaðið hafði róandi áhrif á mig og ég dáleiddist. Ég hef kannski sjaldan starað eins lengi á einn hlut. Gleymst hafði að stilla vélina rétt svo myndin var mjög yfirlýst. Í útkomunni sem ég varpaði á vegg var stundum eins og laufblaðið birtist í rammanum og hyrfi jafnskjótt. Mér fannst það eiga vel við að myndin væri svo yfirlýst því þá hvarf umhverfið og laufblaðið stóð eitt og sér. Við fyrstu sýn sá augað ekki hvað þetta var, tunga, vagína, hvað sem er. Ég tók út nokkurra mínútna bít úr þessu langa myndbandi og spilaði hann fjórum sinnum í lykkju (e. loop). Á raunhraða, síðan hraðar, aftur á raunhraða og svo aðeins hægar. Raunhraðinn virtist hægari eftir hröðun og skoppandi hraður á eftir brotinu sem ég hægði á. Eins og breyting hefði verið gerð á öllum klippunum en ekki bara tveimur brotum.

Ég hef stundað það að sitja á fjölförnum stöðum og skrá niður skynjun mína á umhverfinu. Á kaffihúsi er ánægjulegt að skrifa niður heil samtöl fólks í kring, en ef ég sit á bekk við göngugötu heyrir ég aðeins brot og búta úr samtölunum. Þá bætist meðal annars inni umferðarniður og fleira því myndin hefur stækkað. Á flugvöllum er ys og þys og geta textar sem ritaðir eru á slíkum stöðum orðið heldur abstrakt. Það er auðvitað hægt að vera í manns eigin hljóðláta húsi og heyra samt fullt af hljóðum. Allskonar takta og brak, muldur, suð. Eins er hægt að vera á háværum stað og ákveða að heyra ekki neitt, eða velja hvað maður vill heyra. Það er hægt að stjórna heyrninni þannig að maður heyrir aðeins fjarlægasta hljóðið. Með þessum skrásetningum er ég meðvitað að upplifa og skynja umhverfið, minn raunveruleika og finna mig líka sem hluta af hljóðumhverfinu.⁴⁷

Í dagbókunum er sjónræni eiginleikinn til yndisauka⁴⁸ og hver opna er pæld. Ég er sífellt að vinna í sömu opnunni, fer nokkrar síður áfram og tilbaka á fyrstu. Lög myndast og dagsetningar, þær sem ég man að skrá, eru óáreiðanlegar.

Þetta er leit að fullkomnu jafnvægi sem aðeins ég get fundið. Það væru kannski ekki allir sammála um að niðurstaðan sé hin fallegasta, en eins og við höfum oft heyrt er fegurð afstætt hugtak.

⁴⁶ Laufblöð eru svo sérstakt fyrirbæri, tímabundið föst á örmum trésins en tréð er fast á sínum stað og haggast sjaldan. Laufblöðin og tréin vinna svo fallega saman. Lungnaberkjur eru eins og tré. Súrefnið fer frá trjánun ofan í lungun sem anda frá sér koltvísýring sem tréið breytir svo í súrefni.

⁴⁷ Textadæmi í viðauka

⁴⁸ Myndir í viðauka

Tón- og ljóðlistmaðurinn John Cage (1912–1992) uppgötvaði að eftir að hafa velt því fyrir sér afhverju honum þætti eitthvað tiltekið ekki fallett, þá kæmist hann fljótt að því að það væri engin ástæða. Cage þróaði og rannsakaði möguleika tónlistarinnar og gaf lítið fyrir hefðbundin gildi um fagurt tónverk. Hann vildi að tónlistin héldi sér vakandi og væri ögrandi. Falleg tónlist þótti honum svæfa heilann og vanstillti hann útvarpið væri tónlistin of ljúf.⁴⁹

Ég kann að meta hann. Hann er hann sjálfur og virðist vera hæfilega kærulaus. Það svífur einhver léttleiki yfir honum.

Ég hef ekkert að segja
og ég segi það
og það er ljóð
eins og ég þurfti⁵⁰

Lokaorð

Eplið leiddi mig áfram og veitti mér skilning. Með því að bíta í það varð ég meðvituð um mig og skynjun mína.

Verkin sem ég hef unnið á undanförunum árum eru bara ég eins og ég er. Maður gerir ekkert stærra en maður er, en með efasemdum og öðrum gildum aðferðum trúi ég að hugarrýmið geti stækkað og víkkað úti hið óendanlega. Við vitum ekki hversu mikið, en við vitum þó að takmörkin liggja ekki þar sem sjálfskapaðar og sjálfskipaðar hindranir reisa múra.

Togstreita hefur ríkt innra með mér í ritferlinu, sérstaklega þegar skynjun er umfjöllunarefnið á þennan vitsmunalega hátt. Kannski er ég hætt að skynja út frá mér, því ég hugsa svo mikið um það sem ég er að skynja. Að vísu ritskoða ég hana ekki en ég velti henni of mikið fyrir mér til þess að hún kallist hrein og einlæg skynjun. Að

⁴⁹ Viðtal við Kolbein Einarsson (1972) tónskáld, um John Cage, desember 2012

⁵⁰ Vefslóð, 1999. John Cage. (e. "I have nothing to say / and I am saying it / and that is poetry / as I needed it")

vera meðvituð um allt og þar á meðal skynjun mína er það sem ég hef unnið að, en stundum vil ég á móti hætta að ofhugsa og leyfa öllu að vera í tilgangsleysi.

Mótsagnir í ritgerðinni lýsa verkum mínum og minni persónu ágætlega. Möguleikarnir í lífinu, og listinni, eru óteljandi svo ég sé ekki hvernig hægt er að vera ekki öll löðrandi í mótsögnum og andstæðuhugmyndum. Og efasemdum. Vegna síbreytilegs persónuleika míns sé ég yfirleitt margar hliðar á öllum málum. Verkin mín eru einhver línudans við mótsagnir og í þeim fer fram stöðugt sjálfsmat, uppbygging og niðurrif. Sem og í lífinu sjálfu.

Það er svo margt sem myndar „mig“. Ég er summa margra þátta en eins og heildskynjunarfræðingurinn Gaetano Kanizsa komst að orði þá er ekki hægt að rekja eiginleika heildarinnar til einfaldrar samlagningar hlutanna sem mynda heildina.⁵¹ „Ég“ er því ekki einföld samlagning hlutanna sem mynda „mig“. M-kenningin er ekki heldur einföld samlagning kenninganna sem mynda hana. Og Flúxus er eitthvað meira en summa margra ólíkra listamanna sem mynda hana. Eiginleikar heildarinnar liggja í samsetningunni og túlkunarmöguleikarnir eru óendanlegir.

Ég er s k y n s ö m fjölhyggjumanneskja. Með væga athyglisleysu.

⁵¹ Árni kristjánsson, 2012:190

Heimildaskrá

- Arnason, H. H. 1977. *The History of Modern Art*. Thames and Hudson Ltd, London
- Árni Kristjánsson. 2012. *Innra augað, sálfræði hugar, heila og skynjunar*. Háskólaútgáfan, Reykjavík
- Bernadac, Marie-Laure & Hans Ulrich, Obrist. 1998. *Louise Bourgeois, Destruction of the Father, Reconstruction of the Father: Writings and Interviews*. Violette, London.
- Cage, John. University of Pennsylvania, Modern and Contemporary American Poetry. 1999. Vefslóð <http://writing.upenn.edu/~afilreis/88/cage-quotes.html> Sótt 2. jan. 2013
- Dieter Roth, *Books + Multiples*. 2004. Umsjón með úgáfu Dobke, Dirk. Thames & Hudson Ltd, London.
- Dempsey, Amy. 2005. *Styles, Schools and Movements*. Thames & Hudson, London.
- Foster, Hall, Rosalind Krauss o.fl. 2004. *Art Since 1900: Modernism, Antimodernism, Postmodernism*. Thames & Hudson, London.
- Foster, Stephen C. 1992. *Historical Design and Social Purpose: A Note on the Relationship of Fluxus to Modernism. Fluxus: A Conceptual Country*, Thames & Hudson, London.
- Hawking, Stephen and Mlodinow, Leinard. 2011. *Skipulag Alheimsins*. Baldur Arnarson og Einar Gömundsson íslenskuðu. Tíftjarnan, Reykjavík
- Hopkins, David. 2000. *After Modern Art 1945 - 2000*. Oxford University Press. Oxford.
- Kaku, Michio. 1995. *Hyperspace, A scientific odyssey through the 10th dimension*. Oxford University Press, London.
- Kolbeinn Einarsson. Viðtal RLW við tónskáldið, 2012
- Magnús Pálsson, *Hátíðarræða*, LHÍ, 2008.
- Magnús Pálsson. Viðtal RLW við listamanninn, 2010.
- Sherman, Cindy og Bourgeois, Louise. 1996. *Louise Bourgeois*. BBC upptaka frá Finnska sjónvarpinu Úr gagnasafni LHÍ.
- Solo Scenes*. 1997-98. Sýning Dieter Roth í Listasafni Reykjavíkur, Listahátíð í Reykjavík. 2005

